

Lög Sundfélagsins

1. gr. Félagið heitir Sundfélagið Óðinn, heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

2. gr. Tilgangur félagsins er að gefa félögum þess möguleika á íþróttaiðkun innan ramma ÍBA í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma. Sérstaklega leggur félagið áherslu á sundíþróttir á vegum félagsins.

3. gr. Rétt til að vera í félaginu eiga allir sem eru skráðir iðkendur, foreldrar/forráðamenn iðkenda og þeir sem skilað hafa inntökubeiðni í gegnum heimasíðu félagsins. **Félagsmenn eru allir iðkendur félagsins og aðrir þeir sem skilað hafa inntökubeiðni í gegnum netfang/heimasíðu félagsins.** Félagið getur kjörið heiðursfélaga, þá sem unnið hafa fyrir félagið eða íþróttahreyfinguna um lengri tíma. Til slíkrar útnefningar þarf samþykki félagsfundar/aðalfundar.

4. gr. **Markmið og tilgangur félagsins er að stuðla að iðkun og eflingu sundíþróttarinnar innan ramma ÍBA í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma.**

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að:

1. Halda uppi reglubundnum æfingum.
2. Gefa meðlimum félagsins kost á að taka þátt í mótum og keppnum á vegum félagsins.
3. Að vinna að því að skapa sem hagstæðustu aðstæður til sundiðkunar fyrir félagsmenn.
4. Halda uppi fræðslustarfsemi um sund og aðrar greinar eftir því sem félagið ákvarðar hverju sinni.

5. gr. 1. Stjórn félagsins skal skipuð sjö (7) mönnum, þar af sex (6) sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Starfsmaður félagsins er gjaldkeri stjórnar og hennar sjöundi maður. Stjórnin skal starfa í samræmi við lög þessi, samþykktir aðalfundar og/eða félagsfunda eftir því sem við á.

5.2. Stjórn félagsins skal skipuð þannig:

a) Formanni er hafi umsjón með starfi félagsins, boði til stjórnarfunda, stýri þeim og komi fram út á við fyrir hönd félagsins.

b) Varaformanni er taki við starfsskyldum formanns í forföllum.

c) Ritara er færi gjörðabók félagsins og annist varðveislu bréfa

d) Gjaldkeri er færi bókhald og annist fjárreiðu félagsins—annist félagatal og innheimtu æfinga— og félagsgjalda.

e) Þremur meðstjórnendum er annast muni félagsins og aðstoða gjaldkera við félagatal og skráningu þátttakenda í æfingum félagsins.

~~5.3 Segi stjórnarmaður af sér stjórnarsetu á kjörtímabili skal stjórn félagsins heimilt að skipa staðgengil sem taka skal sæti fráfarandi stjórnarmanns fram til næsta aðalfundar. Skal slík skipan auglýst sérstaklega á heimasíðu félagsins svo fljótt sem auðið er.~~

5.3. Einungis félagsstjórn getur skuldbundið félagið fjárhagslega innan þess ramma sem aðalfundur eða félagsfundir hafa markað hverju sinni.

5.4 Reikningsár félagsins skal miðast við 1. janúar til 31. desember.

6. gr. Aðalfundur félagsins skal haldinn ár hvert eigi síðar en 10. apríl. Reikningsárið er næsta almanaksár þar á undan. Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Setning—kosning fundarstjóra og fundarritara

2. Skýrsla stjórnar

3. ~~Endur~~Skóðaðir reikningar lagðir fram

4. Fjárhagsáætlun og starfsáætlun næsta árs

5. Ákvörðun árgjalda

6. Lagabreytingar

7. Kosningar

7a) Formaður kosinn sérstaklega

7b) 5 menn í stjórn

7c) 2 varamenn í stjórn

7d) 2 félagslegir skoðunarmenn

8. Önnur mál.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa allir fullgildir meðlimir félagsins 14 ára og eldri. Til aðalfundar skal boðað með auglýsingu með minnst viku fyrirvara. **Tillögur að lagabreytingum skulu auglýstar sömuleiðis með minnst viku fyrirvara.**

Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.

7. gr. Stjórn félagsins ákvarðar æfingagjöld hverju sinni. Stjórn félagsins velur fulltrúa á þing ÍBA. Stjórn félagsins ræður starfsmenn til einstakra verkefna eftir því sem fjárhagur leyfir og starfsáætlun gerir ráð fyrir. Skal gerður skriflegur ráðningarsamningur við alla starfsmenn sem taka að sér langtímaverkefni s.s. þjálfun og skal sá samningur skilgreina starfsskyldur og valdssvið starfsmanna eftir því sem við á.

8. gr. Félagið setur sér siðareglur fyrir iðkendum, foreldra og starfsmenn (stjórn og þjálfarar). Brot á siðareglum félagsins getur varðað brottvikningu úr félaginu eða leitt til útilokunar frá viðburðum á vegum félagsins.

9. gr. Hætti félagið starfi eða verði slitið með samþykkt aðalfundar ber að afhenda ÍBA allar eigur þess og gögn til varðveislu. Verði félagið ekki endurreist innan 10 ára falla eignir þess –án skuldbindinga– undir ÍBA. **Koma þarf fram í fundarboði aðalfundar að fjalla eigi um slit á félaginu.**

10. gr. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf lagabreyting að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þar með úr gildi öll eldri lög félagsins.

Lög þessi voru upphaflega samþykkt á aðalfundi 18. október 1989, með breytingum á 6. gr. á aðalfundi 4. nóvember 1993 og aftur breytingum á 6. gr. 15. mars 2000. Enn voru gerðar breytingar á 6. gr. og einnig 8. gr. á aðalfundi 10. maí 2001 með breytingum á 5. gr. og 6. gr. lið b) og c) á aðalfundi 28. apríl 2003 og með breytingum á 5. gr. og 8. gr. lið b) og c) á aðalfundi 29.04.2004. Þá var lögum breytt 15. apríl 2015, þá 5. gr. þar sem númer voru sett á ónúmeraða liði (5.1.; 5.2.; 5.4 og 5.5.) auk þess sem bætt var við lið 5.3. Þá var tekin út úr lögum liður 6.7. ásamt 7. grein í heild sinni með viðeigandi breytingum á númeraröð greina. Á aðalfundi félagsins þann 10. apríl 2019 var 8.gr. bætt inn í lögin.

Síðast uppfært þann 10. apríl 2019

Breytingar settar inn 2. júní 2020